

---

## Hjálmholtsnáma, áframhaldandi efnistaka, Flóahreppi

### Álit um umhverfismat framkvæmdar

---

## 1 Inngangur

### 1.1 Framlagning og kynning umhverfismatsskýrslu

Þann 29. nóvember 2021 lagði Nesity ehf. fram umhverfismatsskýrslu um áframhaldandi efnistöku úr Hjálmholtsnámu til kynningar og athugunar Skipulagsstofnunar sbr. 23. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Framkvæmdin og umhverfismatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 8. desember 2021 í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu og Morgunblaðinu. Umhverfismatsskýrslan lá frammi til kynningar frá 8. desember 2021 til 19. janúar 2022 hjá Skipulagsstofnun. Umhverfismatsskýrslan var einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Flóahrepps, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

### 1.2 Gögn

#### Framlögð gögn Nesityjar

Umhverfismatsskýrsla: Áframhaldandi efnistaka úr Hjálmholtsnámu, Umhverfismatsskýrsla, Nesity og Efla, nóvember 2021.

Eftir að umhverfismatsskýrsla lá fyrir óskaði Skipulagsstofnun frekari upplýsinga frá framkvæmdaraðila um tiltekin atriði og bárust svör við þeim 8. desember.

#### Umsagnir og athugasemdir

Umsagnir um umhverfismatsskýrslu bárust frá: Flóahrepp 19. janúar 2022, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 19. janúar 2022, Minjastofnun Íslands 20. janúar 2022, Náttúrufræðistofnun Íslands 19. janúar 2022 og Umhverfisstofnun 21. desember 2021.

## 2 Framkvæmd

### 2.1 Framkvæmdalýsing

Í kafla 3 í umhverfismatsskýrslu Nesityjar er að finna upplýsingar um framkvæmdina. Fyrirhuguð framkvæmd felst í að afla jarðefnis til notkunar í byggingar- og vegaf framkvæmdir með áframhaldandi efnistöku í Hjálmholtsnámu. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að náman sé vel staðsett við flutningsleiðir á miðju Suðurlandi og með henni sé verið að tryggja aðgang að góðu efni úr námu með lágmarks umhverfisáhrif.



Efnistökusvæði Hjálmholtsnámu er nú um 12 ha að stærð, niðurgrafið í Merkurhraun. Framkvæmdaraðili hyggst stækka þetta svæði með árunum upp í allt að 25 ha þar sem vinna á 150.000 m<sup>3</sup> af efni. Áætlanir eru um að það efnismagn dugi í um 20 ár m.v efnistöku fyrri ára. Það gerir um 7.500 m<sup>3</sup> á ári að meðaltali. Vegna smæðar námunar þykir óraunhæft að skipta henni upp í áfanga líkt og venjan er í stærri námum og því verður leitast við að vinna námuna í rangsælis hring, frá norðaustri til vesturs. Ganga á frá hverju svæði fyrir sig um leið og efnistöku þar er lokið.

Vinnslan á að fara þannig fram að misþykku moldarlagi er mokað ofan af hraunkarganum, karganum er síðan mokað í forbrjót þannig til verður efnisflokkur 0-120 mm. Þegar framleiða á fínna efni 0-22 mm. er grófmalaða efninu mokað í „kónbrjót“. Efnið sem vinna á úr námunni er póleiít-basalt, sem er skv. gögnum framkvæmdaraðila algengasta basalttegundin á Íslandi.

Fyrirhugað er að vinna efni niður á um 5 m frá efsta yfirborði, að meðaltali. Moldarlagið yfir hrauninu er að meðaltali um 2 m og hefur moldinni verið mokað jafn óðum aftur yfir þau svæði sem búið er að vinna.

## 2.2 Valkostir

Í umhverfismatsskýrslu Neseýjar er fjallað um valkosti sem skoðaðir voru vegna áframhaldandi námuvinnslu úr Hjálmholtsnámu. Fjallað er um aðalvalkost, valkost B og núllkost.

Valkostur B gerir ráð fyrir áframhaldandi efnistöku á sama svæði með öðrum útlínum en aðalskipulag Flóahrepps segir til um. Efnistakan færir fram innan afmörkunar landamerkja sem er um 30 ha, en landamerkin eru fjórir hornpunktar sem mynda ferhyrning utan um námuna. Vinnanlegt magn innan þess svæðis er talið um 300.000 m<sup>3</sup> og myndi mæta efnisþörf í 35 ár.

Núllkostur felur það í sér að loka námunni og endurnýja ekki framkvæmdarleyfið.

## 3 Mat á umhverfisáhrifum

Í umhverfismatsskýrslu Neseýjar eru notaðar vægiseinkunnirnar verulega neikvæð, talsvert neikvæð, nokkuð neikvæð og óverulega neikvæð, engin áhrif, óverulega jákvæð, nokkuð jákvæð, talsvert jákvæð og verulega jákvæð umhverfisáhrif. Gerð er grein fyrir vægiseinkunnum í kafla 4.1.3 á bls. 28-29 í umhverfismatsskýrslunni og í töflu 4.2.

Við umfjöllun um hvern umhverfisþátt hér að neðan eru fyrst dregin saman meginatriði úr mati Neseýjar á umhverfisáhrifum. Þar á eftir fylgir umfjöllun Skipulagsstofnunar sem byggir á umhverfismatsskýrslu Neseýjar og umsögnum sem bærust á kynningartíma umhverfismatsskýrslu auk annarra gagna.

### 3.1 Áhrif á gróður

#### 3.1.1 Mat Neseýjar

Fram kemur í umhverfismatsskýrslu Neseýjar að gróðurfar á svæðinu í kringum Hjálmholtsnámu sé að mestu leyti mólendi og moslendi með berum hraunhólum, það sé einsleitt og jarðvegur almennt þurr. Verndargildi þeirra sé metið lágt, njóti ekki sérstakrar verndar og sé algengt á landsvísu. Í umhverfismatsskýrslunni kemur fram að varanlegt rask verði á gróðri á því svæði sem fyrirhugað sé að nýta til efnistöku. Fjarlægja á allan jarðveg á svæðinu og þar með öll vistkerfi svæðisins, þar sem vinna á efni úr hrauninu undir honum. Áhrifin á gróður verði óveruleg.



### Vöktun og mótvægisáðgerðir

Að efnistöku lokinni verður gengið frá svæðinu í samræmi við umhverfið í kring og núverandi land, til að draga sem mest úr neikvæðum áhrifum á gróður. Lögð verður áhersla á skilja eftir hrauneitla og hraunstrýtur sem hjálpa á til við náttúrulegan frágang og forðast beinar og skarpar línur. Yfirborðsjarðvegur sem tekinn verður á svæðinu, á að nýta í fláa og botn þar sem leyfa á staðargróðri að koma upp af sjálfsdáðum. Bera á áburð eða sá í landið ef vart verður við uppfok eða úrrennsli á efnistökusvæðinu.

#### **3.1.2 Umfjöllun Skipulagsstofnunar**

Skipulagsstofnun telur samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum að verndargildi gróðurs á svæðinu sé ekki mikið. Engu að síður er um varanlegt rask að ræða á þeim gróðri sem þó er til staðar á svæðinu.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) er tekið fram að um er að ræða 1000 ha af einsleitri vistgerð sem endurspeglar yfirborð Þjórsárhrauns og þar sé að finna lífríki sem hefur fengið að þróast í þúsundir ára. Þrátt fyrir fábreytni hefur þetta mikið gildi fyrir ásýnd og landslag því er ekki hægt að segja að áhrif framkvæmdar hafi óveruleg áhrif á lífríkið líkt og framkvæmdaraðili bendir á í umhverfismatsskýrslu.

Skipulagsstofnun tekur undir með NÍ að raskið á gróðrinum á svæðinu hefur ásýndaráhrif. Það sé þó jákvætt að nýta eins og kostur er gróður og svörð og nota í frágang á þeim svæðum þar sem efnistöku hefur verið hætt og reyna eftir fremsta megni að herma eftir lögun og mishæðum landsins sem liggur þar allt í kringum svæðið. Skipulagsstofnun telur framkvæmdina hafa nokkuð neikvæð áhrif á gróður.

### **3.2 Áhrif á fuglalíf**

#### **3.2.1 Mat Neseysjar**

Framkvæmdasvæðið er hluti af svæði sem er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, Suðurlandsundirlendinu. Á Suðurlandsundirlendinu, frá Markarfljóti vestur að Hellisheiði, er almennt mikið fuglalíf, m.a. afar þétt varp ýmissa vaðfugla eins og spóa, jaðrakans, stelks og tjalds. Suðurlandsundirlendið hefur alþjóðlega þýðingu sem varpland fyrir himbrima, álf og skúm og á fartíma fyrir álf, heiðagæs, blesgæs og grágæs.

Fram kemur í umhverfismatsskýrslu að helstu tegundirnar sem finnast á efnistökusvæðinu séu heiðlóa, spói og þúfuttlingur. Á fyrirhuguðu efnistökusvæði Hjálmholtsnámu sé hvorki að finna votlendi né tún heldur hrjóstrugt einsleitt land með algengu fuglalífi. Lággróður sé ríkjandi og jörðin sé of þurr fyrir lóupræl og hrossgæk til að þrífast á þessu svæði.

Samkvæmt umhverfismatsskýrslu Neseysjar eru helstu áhrif efnisvinnslunnar á fugla þau að búsvæði þeirra fari forgörðum og þeir þurfi að leita út fyrir svæðið að nýjum búsvæðum. er sambærilegt og óraskað landslag allt umhverfis efnistökusvæðið. Áhrifanna gæti á fáa einstaklinga og möguleiki þeirra til að finna sér ný óðöl í næsta nágrenni við efnistökusvæði séu mikil. Áhrifin séu tímabundin því græða á svæðið upp að nýju við lok efnistökkunnar þar sem sömu mófuglategundir ættu að geta endurheimt búsvæði sín. Áhrifin á fuglalíf séu metin óveruleg.

### Vöktun og mótvægisáðgerðir

Þegar efnistöku hefur verið hætt mun Neseys ganga frá efnistökusvæðinu og græða það upp, sömu mófuglategundir og finnast á svæðinu í dag ættu því að geta endurheimt búsvæði sín.

#### **3.2.2 Umfjöllun Skipulagsstofnunar**

Áhrif efnistöku úr Hjálmholtsnámu á fuglalíf eru nú þegar fyrir hendi en gera má ráð fyrir að þau aukist vegna stækkunar námusvæðis. Jarðvegsþekja er einsleit og sambærileg vistgerð og búsvæði



fugla finnst á stóru svæði í nágrenni framkvæmdasvæðisins, fuglalíf telst í meðallagi fjölbreytt. Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð efnistaka muni hafa nokkuð neikvæð áhrif á þá fugla sem nýti svæðið til búskapar og líklegt er að fuglar tapi búsvæðum sínum, að minnsta kosti tímabundið. Jákvætt er að framkvæmdaraðili mun græða upp landið í takt við umhverfi námunnar og endurheimta þannig gróður og yfirborðslag að einhverju leyti. Að framansögðu er ekki líklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir komi til með að hafa veruleg neikvæð áhrif á fugla.

### 3.3 Áhrif á jarðmyndanir

#### 3.3.1 Mat Neseýjar

Í umhverfismatsskýrslu Neseýjar er gerð grein fyrir uppruna jarðefna á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði. Greint er frá því að framkvæmdarsvæðið sé í Þjórsárhrauni sem er stærsta hraun sem runnið hefur á nútíma á Íslandi. Jarðmyndunin sé víðfem og nær yfir stóran hluta Suðurlandsundirlendisins. Uppruni þess er á Veiðivatnasvæðinu, frá eldstöðvakerfi Bárðabungu fram til sjávar í Flóanum. Hraunið tilheyrir Tungnárhraunum sem er hulið hraunum allt niður í Landsveit. Fram kemur að meðalþykkt hraunsins sé 26 m og heildarrúmmál jarðmyndarinnar sé 25 km<sup>3</sup> og flatarmál 970 km<sup>2</sup>.

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að jarðefni verði flutt á brott og áhrifin verði því varanleg en áhrif efnisvinnslunnar nái þó ekki til umfangsmikils svæðis. Hraunið í námunni sé um 23 m á þykkt. Ekki á að fjarlægja allt hraunið í námunni heldur verður tekið ofan af því þannig yfirborð þess lækkar. Ekki er um að ræða friðlýstar minjar né jarðmyndanir á náttúruminjasrá. Eldhraun frá nútíma njóta sérstakrar verndar skv. 61 gr. náttúruverndarlaga en að mati framkvæmdaraðila hefur það tapað mikið af einkennum sínum og njóti því ekki sérstakrar verndar skv. greininni. Áhrif á jarðmyndanir verði því óverulega neikvæð.

#### 3.3.2 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Um er að ræða varanlegt jarðefnanám sem felst í eyðingu jarðmyndunar án þess að unnt sé að bæta hana með einhverskonar endurheimt. Jarðmyndunin sem Hjálmholtsnáma tilheyrir teygir sig langt út fyrir námuna. Náttúrufræðistofnun Íslands segir í umsögn sinni að verndargildi hraunsins sé metið hátt vegna vísindalegs gildis. Þjórsárhraunið sé metið einstakt á landsvísu, jafnvel heimsvísu sem eitt mesta hraun jarðar runnið eftir ísöld. Mikilvægt sé að rask á hrauninu sé vel ígrundað. Skipulagsstofnun tekur undir það sem kemur fram í umhverfismatsskýrslu, að nýta á þegar röskuð efnistökusvæði og halda þar áfram efnistöku, í stað þess að opna nýjar minni námur og hlífa þannig fleiri jarðmyndunum fyrir raski, en Hjálmholtsnáma hefur verið starfrækt í áratugi og hrauninu þegar verið raskað á þessum stað. Í ljósi ofangreinds telur Skipulagsstofnun að áhrif á jarðmyndanir verði talsvert neikvæð þar sem um er að ræða varanleg, óafturkræf en staðbundin áhrif.

### 3.4 Áhrif á landslag og ásýnd

#### 3.4.1 Mat Neseýja

Í umhverfismatsskýrslu Neseýjar kemur fram að fyrirhugað efnistökusvæði sé í landi Hjálmholtis við Skeiða- og Hrunamannaveg, um tvo km frá Þjóðvegi 1. Um 300 m norðan við námuna sé Hvítá og handan hennar er Hestfjall. Austan og suðaustan við námuna sé þyrping frístundahúsa í nokkur hundruð metra fjarlægð.

Námuvinnsla hefur verið í Hjálmholtsnámu síðan árið 1980, gera megi ráð fyrir að áhrif efnistöku á landslag og ásýnd verði sambærileg áhrifum efnistökkunnar hingað til. Landslagið sé tiltölulega flatt og einsleitt auk þess sé náman niðurgráfin sem gerir hana illskýnnilega. Áhrifasvæðið sé því takmarkað. Bein áhrif efnistökkunnar nái ekki yfir umfangsmikið svæði, með aukinni efnistöku muni



rasksvæðið stækka en sökum eðli námunnar, niðurgrafin gryfja í flötu landslagi, sé sýnileiki hennar ekki aukinn. Áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásjúnd séu metin óveruleg.

### 3.4.2 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin muni hafa nokkuð staðbundin áhrif á landslag. Í stað sléttra mosagróinna hraunbreiða verður landið lækkað nokkuð og mynduð áframhaldandi, stærri gryfja með hrauneitlum og hraunstrýtum, líkt og fyrir er á svæðinu. Efnistakan mun hafa í för með sér nokkra umbreytingu á landformum á svæðinu en ef vel er að verki staðið með frágang verður skilið þannig við svæðið að það beri efnistöku sem minnst ummerki. Svæðið er á nú þegar röskuðu svæði, efnistökusvæði sem er að mestu ófrágengið eftir áratuga efnistöku. Yfirbragð svæðisins og sviptomót verður því áþekkt og ásjúnd alls svæðisins myndar að lokum eina heild. Skipulagsstofnun telur að staðsetning efnistökusvæðisins sé þannig að það verði ógreinilegt frá þjóðvegi og efnistakan muni hvergi blasa við. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdar á landslag og ásjúnd verði óveruleg.

## 3.5 Áhrif á fornleifar

### 3.5.1 Mat Neseýjar

Í umhverfismatskýrslu Neseýjar kemur fram að Fornleifastofnun Íslands hafi skráð fornminjar árið 2014 á þeim hluta Flóahrepps þar sem Hjálmholtsnáma er staðsett. Í sérfræðiskýrslu Fornleifastofnunar séu engar minjar skráðar innan efnistökusvæðisins en um suðurjaðar þess sé að finna minjar um götu (leið ÁR-076:061). Leiðinni, þar sem hún liggur við efnistökusvæðið, hafi þegar verið raskað og sé í dag nýtt sem aðkomuvegur að sumarbústaðnum sem er við SA-horn námunnar. Fyrirhuguð stækkun á efnistökusvæðinu eigi ekki að ná yfir leiðina eða raska henni frekar, áhrif á fornleifar séu metin óveruleg. Í kafla 4.6.3 í greinargerð er að finna yfirlitskort úr skýrslu Fornleifastofnunar Íslands sem og frekari umfjöllun um leiðina.

### 3.5.2 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Fyrir liggur að skráðar eru einar fornminjar við Hjálmholtsnámu. Þær eru þó ekki staðsettar innan áhrifsvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og koma ekki til með að verða fyrir frekara raski en nú þegar er orðið. Fyrirhuguð stækkun á efnistökusvæðinu mun ekki ná yfir leiðina eða raska henni frekar. Skipulagsstofnun telur að með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum að áhrif á fornleifar séu metin óveruleg.

## 3.6 Áhrif á vatnsvernd

### 3.6.1 Mat Neseýjar

Í umhverfismatskýrslu Neseýjar kemur fram að allt efnistökusvæðið sé innan fjarsvæðis vatnsverndar og austan við framtíðarvatnsból við Buglæk. Tvö brunnsvæði séu skilgreind við Buglæk og er efnistakan 1.200 m austan við það austara og 2.200 m austan við það vestara. Fram kemur að efnistöku- og vatnsverndarsvæðið sé alfarið á Þjórsárhrauninu þar sem lítið er um yfirborðsvatn, úrkoman sitrast inn í hraunið og í grunnvatnsstrauminn þar. Grunnvatnsstraumurinn sé aðallega í 20-40 m þykku lagi í neðri hluta hraunsins og efst í setlögnum sem séu undir hrauninu, að megninu til frá austri til vesturs. Líklega sé efnistökusvæðið á vatnasviði brunnsvæðanna en þó sé það ekki víst.

Framkvæmdaraðili telur að ef til mengunarslys kæmi þá yrði það líklega vegna leka úr vinnuvél á svæðinu, þ.e. glussa- eða olíuleka úr slöngu vinnuvéla. Í slíku mengunarslysi gætu hugsanlega lekið um 10-50 lítrar af efni. Almenn sé grunnvatni á svæðinu ekki mikil hættu búin af efnistöku í Hjálmholtsnámu. Líkur á stóru mengunarslysi séu litlar sem engar, náman sé á jafnsléttu og lítil



hætta á að vinnuvélar velti eða lendi í alvarlegu slysi. Efnalager starfseminnar verður staðsettur utan námusvæðis, inni í þéttbýli og bæta á jafnóðum á tækin. Enginn eldsneytistankur verður á svæðinu.

Salernisaðstaða starfsmanna verður bætt, en koma á upp hefðbundnu vatnssalerni með rotpró. Setja á niður rotprónna á fjarsvæði vatnsverndar þar sem sveitarfélagið hefur skipulagt fristundabyggð. Salernið verður aðeins nýtt á vinnutíma af 1-2 starfsmönnum, það mun því standa ónotað stóran hluta árs og álag af völdum þess á grunnvatnsgeyminn undir hrauninu sé algjörlega minniháttar. Er það mat framkvæmdaraðila að áhrif framkvæmdarinnar á vatnsvernd sé óveruleg.

#### Vöktun og mótvægisáðgerðir

Lágmarksbirgðir af mótrolíu verða geymdar á svæðinu í litlum handheldum brúsum. Engin olía eða glussi verður geymdur á svæðinu. Eldsneytisbíl mun mæta á svæðið reglulega og fylla á vélar auk þess sem halda eigi vinnuvélum vel við til að draga úr líkum á mengunarslysi. Lekavarnir verða settar upp á svæðinu til þess að koma í veg fyrir að olía og spilliefni berist í jarðveg ef óhöpp verða. Öryggisreglur og viðbragðsáætlun verður kynnt fyrir starfsfólki, verktökum og öðrum þeim sem eiga erindi inn á vatnsverndarsvæðið. Viðbragðsáætlun Neseýjar má finna í kafla 4.7.5 í umhverfismatsskýrslu.

### **3.6.2 Umfjöllun Skipulagsstofnunar**

Að mati Skipulagsstofnunar eru fyrirhugað verklag og mótvægisáðgerðir til þess fallnar til að draga úr líkum á mengunarslysum og að hættan sé minniháttar. Því telur stofnunin að áhrif framkvæmdarinnar á vatnsvernd verði óveruleg. Líkt og Náttúrufræðistofnun Íslands kemur inn á sinni umsögn þá eru ennþá ýmsir óvissuþættir varðandi vatnsverndina t.d er vatnasvið brunnsvæðanna ekki alveg ljóst og bendir Náttúrufræðistofnun Íslands á að meðan sú óvissa ríkir þarf að sýna sérstaka aðgát við námuvinnsluna. Skipulagsstofnun tekur undir þetta og leggur áherslu á að framkvæmdaraðilar séu vel vakandi og vakti svæðið sérstaklega vel og af kostgæfni.

## **4 Skipulag og leyfi**

Framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029 þar sem Hjálmholtsnáma er skilgreind stærst efnistökusvæða.

Framkvæmdin er háð framkvæmdarleyfi frá Flóahreppi skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Þá er framkvæmdin háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands vegna vinnslu jarðefna skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Sem og leyfi Minjastofnunar Íslands skv. lögum um menningarminjar.

## **5 Niðurstaða**

Í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 hefur Skipulagsstofnun farið yfir umhverfismatsskýrslu Neseýjar um áframhaldandi efnistöku í Hjálmholtsnámu sem lögð var fram samkvæmt 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2023. Skipulagsstofnun telur að umhverfismatsskýrslan uppfylli skilyrði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umhverfismatsskýrslu Neseýjar eru kynnt áform um áframhaldandi efnistöku í Hjálmholtsnámu. Um er að ræða efnistöku á efnistökusvæði sem þegar hefur verið nýtt í áratugi. Fyrirhuguð efnistaka mun hafa óveruleg neikvæð áhrif á fugla, gróður, landslag og ásynd. Ekki er mikill þéttleiki né fjölbreytileiki fugla á efnistökusvæði og þá hafa ríkjandi vistgerðir lágt verndargildi en græða á land upp aftur að efnistöku lokinni. Sjónræn áhrif efnistökkunnar munu aukast í takt við stækkandi



efnistökusvæði en náman er í hvarfi frá helstu stöðum í nágrenninu þar sem fólk er mest á ferðinni, sem mildar ásýndaráhrif hennar. Neikvæðustu umhverfisáhrifin eru varanleg áhrif á jarðmyndanir sem eru einkum eldhraun frá nútíma, þjórshraun. Útbreiðsla þess er mikil og verndargildi takmarkað. Skipulagsstofnun metur efnistöku hafa talsvert neikvæð áhrif á jarðmyndanir. Engar minjar eru á efnistökuvæðinu. Skipulagsstofnun leggur áherslu á þær mótvægis- og viðbragðsáætlanir sem Neseý kynni í umhverfismatskýrslu einkum vegna þeirrar óvissu sem ríkir um vatnasvið brunnsvæðanna, til að koma í veg fyrir eða draga úr hættunni á að mengun berist inn á vatnsverndarsvæðið. Áhrif á vatnsverndina eru metin óverulega neikvæð.

Reykjavík, 15.3.2022

Egill Þórarinnsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir